

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1992

Nr. 352

708

25. september 1992.

REGLUGERÐ

um afnám banns við veiðum á Hornbanka.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 192 27. maí 1992 um bann við veiðum á Hornbanka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fisk-veiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. september 1992.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 353

17. september 1992.

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Berunes-hrepps, Búlandshrepps og Geithellnahrepps í Suður-Múlasýslu.

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Djúpavogshreppur.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.